

### **33. mál Sumarleyfi borgarstjórnar**

**Forseti:** Þá er það síðasti liður á dagskrá þessa fundar sem felur það í sér og er hefðbundið að borgarstjórn samþykkir að fella niður borgarstjórnarfundir í júlí og ágúst nk. samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, með síðari breytingum. Í sumarleyfi borgarstjórnar fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella, sbr. þó ákvæði 5. mgr. 51. gr. samþykktarinnar.

Ég vil í lok þessa fundar óska nýkjörinni borgarstjórn til hamingju með hlutverkið og óska okkur öllum velfarnaðar í störfum fyrir Reykvíkinga og Reykjavíkurborg. Ég óska fulltrúum í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar innilega til hamingju og formönnum sérstaklega með þeirra kjör. Ég óska nýkjörnum borgarstjóra sérstaklega til hamingju með hans starf og vona að honum gangi vel í sínum störfum en borgarstjórnarfundir er slitið kl. 15:10.